

14. febrúar 1995.

Alþingi  
Erindi nr. B 118 / 1108  
komudagur 14 / 2 1995

**Athugasemdir  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
við breytingartillögur menntamálanefndar við frumvarp til laga um  
grunnskóla**

2. töluliður.

11. gr.

Í framhaldi af 3. málslíð. 11. gr. bætist við eftirfarandi setning: "Þó er heimilt að skipta sveitarfélagi í fleiri skólahverfi samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar."

4. töluliður.

19. gr.

Lagst er gegn breytingartillögu nefndarinnar varðandi 19. gr. staflíð b. þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu til heilsugæslu í skólahúsnæði.

Minnt er á, að heilsugæsla er verkefni ríkisins og víða eru heilsugæslustöðvar í nágrenni skóla. Slík aðstaða, sem auk þess er algjörlega óskilgreind, hefði í för með sér stórauðinn stofnkostnað skólahúsnæðis.

Viðbót.

25. gr

25. gr. 4. málsgri orðist þannig: "Samband íslenskra sveitarfélaga annast skrifstofuhald fyrir stjórn sjóðsins en skrifstofuhald og rekstrarkostnaður skal borinn af sjóðnum. Endurskoðaðir reikningar hans skulu birtir árlega með rekstrarreikningi sambandsins."

Útilokað er að Samband íslenskra sveitarfélaga kosti skrifstofuhald sjóðs fyrir kennara og skólastjórnendur. Nauðsynlegt er að það verði tryggt í ákvæðum 25. gr., að sjóðurinn beri þann rekstrarkostnað. Það fyrirkomulag er viðhaft við reikningshald starfsmenntunarsjóðs tónlistarkennara, sem sambandið annast.

Viðbót.

26. og 28. gr.

Lagt er til, að texti 28. gr. verði sameinaður 26. gr.

Í nýrri 28. gr. verði fjallað um ákvæði um hámarksfjölda nemenda í bekkjardeildum. Greinin orðist þannig:  
"Að jafnaði skal við það miðað að nemendur í einstökum bekkjardeildum í 1. bekk séu ekki fleiri en 18 og í 2.-3. bekk ekki fleiri en 24 og í 4.-10. bekk ekki fleiri en 28."

10. töluliður.

33. gr.

Lagt er til, að 2. málsg. 33. gr. orðist þannig: "Ríkinu er skylt að leggja til og kosta kennslu og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámsskrár en námsgagnastjórn ákveður hvort námsgögn eru afhent nemendum til eignar eða afnota."

4. málsg. 33. gr. orðist þannig: "Sérstök stofnun á vegum ríkisins, Námsgagnastofnun sbr. lög nr. 23 frá 1990, skal tryggja ..." osfrv. (4. m.gr. verði óbreytt að öðru leyti.)

Það er skoðun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, að fyrst um sinn eigi rekstur Námsgagnastofnunar og núverandi skyldur hennar við grunnskólana að vera með sama hætti og verið hefur.

8. töluliður.

57. gr.

Lagt er til, að við breytingartillögu menntamálanefndar við 57. gr. staflið a. bætist eftirfarandi 2. málsg.

"Nefnd, sem menntamálaráðherra skipaði 12. desember 1994, til að vinna að framkvæmd tilflutnings alls rekstur grunnskólans til sveitarfélaga, skal skilgreina kostnaðarauka sveitarfélaga vegna laga þessara og skila tillögum um aukna tekjustofna til sveitarfélaga til að standa undir þeim kostnaði er yfirtökunni fylgir. Fyrir lok nóvember 1995 skal liggja fyrir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um mat á kostnaði og tekjustofnum til sveitarfélaga. Liggja sú niðurstaða ekki fyrir á þeim tíma frestast gildistaka laga þessara til 1. ágúst 1996."

Stafliður c. Í samræmi við breytingartillögu stjórnar sambandsins við 33. gr. er lagst er gegn því að 6. gr. laga nr. 23/1990 um Námsgagnastofnun falli út,

Það er skoðun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, að auk samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um mat á kostnaði og tekjustofnum til handa sveitarfélögum vegna yfurfærslu grunnskólakostnaðar til sveitarfélaga, verði að liggja fyrir samkomulag milli ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga kennara um kjara- og réttindamál kennara, p.m.t. meðferð lífeyrisréttinda, áður en lög þessi koma til framkvæmda þann 1. janúar 1996.

---